

Ár 2019, föstudaginn 15. nóvember er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) haldið af Halldóri Frímannssyni, dómara í dómstól ÍSí, Engjavegi 6, 104 Reykjavík.

**Fyrir var tekið málið nr. 11/2019:**

Þorbergur Guðmundsson

gegn

Kraftlyftingasambandi Íslands (KRAFT)

og kveðinn upp svohljóðandi:

**ÚRSKURÐUR:**

Mál þetta er höfðað með kæru Þorbergs Guðmundssonar, kt. 061293-4349, félaga í Kraftlyftingafélagi Akureyrar, móttækin á skrifstofu ÍSí 11. nóvember á hendur Kraftlyftingasambandi Íslands (KRAFT), kt. 700410-2180. Kærða var gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum sínum í málinu og barst greinargerð frá kærða, dags. 13. nóvember.

Málið var þingfest 14. nóvember. Kærandi var í þinghaldinu tengdur í gegnum hátalara í GSM síma.

Mætt af hálfu kærða var Gry Ek Gunnarsson, formaður KRAFT.

Dómari reyndi sættir án árangurs. Aðilar óskuðu ekki eftir að kalla vitni fyrir dóminn. Því næst var gagnaöflun lýst lokið. Að svo búnu var málið munnlega flutt.

**Dómkröfur**

**Kærandi:** Kærandi krefst þess að KRAFT verði veitt áminning og verði gert að breyta dagsetningu á Íslandsmeistaramóti unglunga og öldunga í kraftlyftingum til baka í 17 nóvember.

**Kærði:** Kærði krefst aðallega frávísunar og til vara sýknu af kröfum kæranda.

**Gögn málsins**

1. Kæra, móttækin 11. nóvember 2019, ásamt fylgiskjölum
2. Greinargerð kærða, dags. 13. nóvember 2019

**Málavextir og málsástæður**

Fram kemur í kæru:

“Kraft hefur breytt dagsetningu á Íslandsmeistaramóti unglunga og öldunga í kraftlyftingum frá 17 nóvember í 16 nóvember 2019, án þess að gera það innan tímamarka,”

Undir rökstuðningi í kæru kemur fram:

“Þetta er bara mjög klippt og skorið það er bannað að breyta dagsetningu móta ef það er ekki 2 mánuðum fyrir mótið og ég hef heimildir fyrir því að þetta er gert í óþökk formanns KFA sem heldur mótið og hefur hann bent Kraft á þetta án þess að þau bregðist við því.”

Lagarök kæranda. Vísað er í 14. og 15 gr. í reglugerð KRAFT um kraftlyftingakeppni 2019.

14. gr. Auglýsing móta

Önnur mót en félagsmót skal auglýsa á heimasíðu mótshaldara og á kraft.is með a.m.k. mánaðar fyrirvara.

Í auglýsingu um mót skal koma fram:

- a) hvers konar mót er um að ræða
- b) dagsetning og staðsetning
- c) mótshaldari og ábyrgðarmaður
- d) upphæð þátttökugjalds og bankaupplýsingar
- e) skráningarfrestur og hver tekur við skráningu
- f) önnur sérstök ákvæði

15. gr. Breytingar á mótaskrá

Allar breytingar frá áður auglýstri mótaskrá eru háðar samþykki mótanefndar og skal gera eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir mót nema sérstakar aðstæður krefjist þess. Mótanefnd skal strax tilkynna formönnum allra félaga breytingarnar og auglýsa á kraft.is.

Í greinargerð kærða kemur fram að Íslandsmeistaramót unglunga og öldunga í klassískum kraftlyftingum annars vegar og í kraftlyftingum hins vegar voru auglýst 16. og 17. nóvember. Að loknum skráningarfresti var aðeins einn keppandi skráður á mótið 17. nóvember. Þá samþykkti stjórn eftir meðmælum mótanefndar að sameina mótin og færa þennan eina keppanda yfir á laugardaginn 16. nóvember. Fram kemur að þessi ákvörðun var tekin í samráði við keppandann sjálfan.

Varðandi lagarök kærða, þá vísar hann til 15. gr. í reglugerð KRAFT um kraftlyftingakeppni 2019 og kveðst hafa heimid til að breyta mótaskrá með samþykki mótanefndar með skemmri fyrirvara en tveimur mánuðum ef sérstakar aðstæður krefjast þess.

Einnig kemur fram að stjórn kveðst ekki hafa farið út fyrir valdsvið sitt, „*enda voru aðstæður hér sérstakar, reyndar einstakar, í sögu félagsins.*“

Þessi ákvörðun hafi verið skynsamleg og nauðsynleg í ljósi aðstæðna. Þessi ákvörðun sé tekin með hagsmuni íþróttarinnar, keppandans og mótshaldarans að leiðarljósi.

Við munnlegan málflutning kom fram hjá kæranda að þessi breyting hefði áhrif á keppnisfyrirkomulagið. Vísaði í því sambandi til b liðar á bls. 27 í Keppnisreglum í kraftlyftingum 2019. Kærandi vísar jafnframt til d liðar varðandi keppnisfyrirkomulagið þegar keppandi lyftir á eftir sjálfum sér, þegar um einn keppanda er að ræða eins og hér eigi við. Aðspurður af dómara segir kærandi mót fyrir einn keppanda á sunnudeginum geta tekið u.þ.b. 4 klst. Aðspurður kveðst kærandi vera sjálfboðaliði á mótinu.

Fram kom að meðstjórnandi í Kraftlyftingafélagi Akureyrar og stjórnarmaður í KRAFT hafi samþykkt á stjórnarfundi í KRAFT að mótið yrði fært.

Við munnlegan málflutning kom fram hjá kærða, að aðstæður hafi verið sérstakar. Keppandinn sem um ræðir Björn Margeirsson hafi samþykkt þetta breytta fyrirkomulag. Fram kom að mótshaldara hafi verið sent bréf um breytt fyrirkomulag og hann geri ekki athugasemdir við það. Bendir á að athugasemdir kæranda varðandi fyrirkomulagið eigi ekki við hér. Það sé mótshaldari sem ákveði það eftir vigtun keppenda. Einnig geti liðsskipan breyst vegna meiðsla og mætinga.

## Niðurstöður

Fyrir liggur að taka afstöðu til þess hvort kærði hafi haft heimild til þess að breyta mótaskrá innan tveggja mánaða fyrir mót, vegna móts í kraftlyftingum sem átti að fara fram 17. nóvember (búnaður) á Akureyri, sbr. auglýsingu á heimasíðu KRAFT, dags. 18. október s.l.

Fram kemur í gögnum málsins að KRAFT auglýsti 18. október s.l. að skráning væri hafin á Íslandsmeistaramót unglunga og öldunga í klassískum kraftlyftingum og kraftlyftingum. Samkvæmt auglýsingu áttu mótin að fara fram 16. nóvember (klassískt) og 17. nóvember (búnaður).

Þegar skráningarfræstur rann út 26. og 27. október s.l. var einungis einn keppandi skáður á mótið 17. nóvember. Þá ákvað stjórn KRAFT og mótanefnd að breyta mótaskrá og sameina mótin, laugardaginn 16. nóvember n.k. Frétt um þetta birtist á heimasíðu KRAFT 4. nóvember s.l.

Samkvæmt kæru kemur fram að kærandi telur kærða ekki hafa haft heimild til að breyta mótaskrá með svona stuttum fyrirvara skv. 15. gr. reglugerðar KRAFT um kraftlyftingakeppni 2019, þar sem fram kemur að allar breytingar frá áður auglýstri mótaskrá séu háðar samþykki mótanefndar og skuli gera eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir mót nema sérstakar ástæður krefjist þess.

Fyrir liggur að kærði breytti mótaskrá í samráði við mótanefnd þegar það lá fyrir að einungis einn keppandi var skráður til keppni 17. nóvember. Kærði vísar til þess að í ljósi sérstakra aðstæðna hafi þessi ákvörðun verið tekin með hagsmuni íþróttarinnar, keppandans og mótshaldarans að leiðarljósi. Hún sé bæði skynsamleg og nauðsynleg og hafi verið gerð í samráði við keppandann. Hún uppfylli ákvæði 15. gr. reglugerðarinnar um sérstakar aðstæður sem krefjist breytingar á mótaskrá. Einnig liggja fyrir að mótshaldari geri ekki athugasemd við breytinguna.

Það mat dómsins að kærði hafi rökstutt með fullnægjandi hætti hvers vegna talin var þörf á að breyta mótaskránni með svo skömmum fyrirvara. Með vísan til þessa er það einnig mat dómsins að kærði hafi haft heimild til að breyta mótaskránni með ofangreindum hætti í samráði við mótanefnd í ljósi þeirra aðstæðna sem komu upp í aðdraganda mótsins.

Með vísan til þessa er kröfum kæranda um að kærða verði veitt áminning og gert að breyta mótaskránni aftur í fyrra horf hafnað.

### Úrskurðarorð:

Kröfum kæranda er hafnað.

Halldór Frímannsson dómari  
(sign)

*Frestur til að áfrýja máli þessu er ein vika frá því að aðila var fyrst kunnugt um niðurstöðu máls. Bent er á kafla 4.3. í lögum ÍSÍ um áfrýjunardómstól ÍSÍ.*